



Ársreikningur 2025


Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2025, að öðru leyti er vísað til ágætra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóðs og þjónustustöðvar. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf., Flokka ehf. og Eyvindarstaðaheiði ehf., auk hlutdeildarféлага sem koma inn í reikningsskil sveitarfélagsins eftir hlutfallslegri ábyrgð sveitarfélagsins, þ.e. Norðurá bs. og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hafa ber í huga í samanburðarmyndum og töflum að fyrir árið 2022 eru tölur frá Sveitarfélaginu Skagafirði en eftir 2022 gilda þær fyrir Skagafjörð, þ.e. sameinað sveitarfélag.

Rekstur

Rekstrartekjur Skagafjarðar námu á árinu **10.261 m.kr.** af samstæðunni í heild, A- og B-hluta. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta **8.719 m.kr.** Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **8.856 m.kr.**, þ.a. A-hluta **7.954 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **1.405 m.kr.**, þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði jákvæð um **765 m.kr.** Afskriftir eru samtals **369 m.kr.**, þar af **192 m.kr.** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **437 m.kr.**, þ.a. eru **351 m.kr.** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2025 er jákvæð um **588 m.kr.** og rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um **222 m.kr.**

Það er ágætt að hafa í huga að nokkur verkefni eru að taka til sín talsverða fjármuni, umfram það sem ætti að vera. Þannig má nefna málefni fatlaðs fólks sem sveitarfélögin tóku við þjónustu af frá ríkinu árið 2011. Ríkið veitti þá ákveðna tekjustofna, auk þess sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru ætluð til að standa straum af rekstri þjónustunnar. Raunstaðan er sú að þetta hefur verið mjög fjarri lagi undanfarin ár. Sveitarfélagið Skagafjörður varð þannig að taka á sig 102 m.kr. af rekstrarkostnaði umfram tekjustofna og framlög á síðasta ári sem hefur áhrif á ársreikning ársins 2025. Í lok ársins 2022, í lok ársins 2023 og í upphafi árs 2025 áttu sér þó stað ákveðnar tekjufærslur frá ríki til sveitarfélaga, þannig að staðan er mun betri en ella hefði orðið. Jafnframt hefur verið ritað undir samkomulag á milli ríkisins og sveitarfélaga um að ríkið taki að sér framkvæmd og beri ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Samt sem áður er ekki búið að ljúka endanlegu samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga um þennan mikilvæga málaflokk. Það er mjög brýnt að ljúka málinu því það geta allir gert sér í hugarlund hversu erfið deilan er t.d. fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda. Einnig má halda til haga að sveitarfélagið greiddi rétt um 87 m.kr. með rekstri dagdvalar fyrir aldraða á árinu 2025 en um er að ræða heilbrigðisþjónustu á fyrsta stigi sem ríkið á að bera ábyrgð á.



Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Efnahagur


Eignir Skagafjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals **16.858 m.kr.**, þ.a. voru eignir A hluta **12.913 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2025 samtals **10.743 m.kr.**, þ.a. hjá A-hluta **9.508 m.kr.** Langtímaskuldir námu alls **6.543 m.kr.** hjá A- og B-hluta auk **648 m.kr.** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **6.116 m.kr.** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **36,3%** og hefur hækkað um 3 prósentustig á milli ára. Af þessari tölu nam eigið fé A-hluta **3.405 m.kr.** og eiginfjárhlutfall **26,4%**. Hefur það líka hækkað um tæp 3 prósentustig á milli ára. Lífeyrisskuldbindingar nema **2.119 m.kr.** í árslok og hækkuðu á árinu um **277 m.kr.**

Sjóðstreymisýfirlit

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam **1.408 m.kr.**, þar af er veltufé frá rekstri A-hluta **835 m.kr.** Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er **1.244 m.kr.** Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2025, **1.097 m.kr.**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **1.224 m.kr.** Afborganir langtímalána á árinu 2025 eru **621 m.kr.**, handbært fé nam **387 m.kr.** í árslok. Tekin voru ný langtímalán að fjárhæð **550 m.kr.**



Veltufé frá rekstri hjá Skagafirði 2002-2025 í þúsundum króna



Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla (Tafla 1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2010-2025 og hlutfallslega breytingu milli árána 2024-2025.

Tafla 1	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Br.%
Rekstrartekjur	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	5506	5977	6321	6866	7976	8950	9493	10261	8,1%
Rekstrargjöld	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	-4984	-5483	-5978	-6982	-7332	-7843	-8130	-8856	8,9%
Fjármagnsliðir	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	-292	-262	-295	-373	-665	-670	-516	-437	-15,3%
Rekstrarhagnaður-(gjöld)	-15	-270	17	314	127	-97	252	145	241	231	46	-367	-55	123	480	588	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstrartekjur hækka um 8,1% á milli ára hjá samstæðunni en rekstrargjöld hækka á sama tíma um 8,9%. Fjármagnsliðir lækka talsvert hlutfallslega en ekki alveg jafn mikið og á fyrra ári. Skýringin er m.a. sú að væntingar um lækkun verðbólgu og tilheyrandi stýrivaxtalækkanir Seðlabanka Íslands gengu ekki eftir.

Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A- og B-hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **5.823 m.kr.** á árinu eða sem nemur **56,7%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Það er hækkun um 0,5 prósentustig á milli ára. Sambærilegar tölur fyrir A-hluta eru að laun og launatengdur kostnaður var um **5.449 m.kr.** eða **62,5%** af heildartekjum A-hluta. Þar var hlutfallið mjög sambærilegt og árið 2024 eða hækkun um 0,1 prósentustig.



Hér að neðan er samanburður á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2010-2025 hjá samstæðunni (Tafla 2).

Tafla 2	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrartekjur	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196	5.506	5.977	6.321	6.866	7.976	8.950	9.493	10.261
Laun og launat. gjöld	1.820	1.901	1.968	1.978	2.108	2.401	2.691	3.046	3.022	3.244	3.569	4.019	4.389	4.902	5.339	5.823
Hlutfall af tekjum	57,6%	57,6%	55,5%	50,7%	53,6%	55,6%	54,7%	58,6%	54,9%	54,3%	56,5%	58,5%	55,0%	54,8%	56,2%	56,7%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A-hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim almenna ramma sem sveitarfélögum er sniðinn lögum samkvæmt.

Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 23 á bls. 27 í ársreikningi ársins 2025. Í töflunni er sýndur samanburður þrettán ára, 2012-2025. Kostnaður við útgjaldastærsta málaflokkinn, fræðslu- og uppeldismálin, hækkar hlutfallslega miðað við árið 2024 eða um 1,5 prósentustig. Munar þar mestu um hækkun launa í kjölfara kjarasamninga og starfsmannafjölgun vegna opunar nýs leikskóla. Kostnaður við félagsþjónustu eykst hlutfallslega um 0,4 prósentustig. Þar sem fjárhagsleg umsvif í fræðslu- og uppeldismálum eru hins vegar mun meiri en í félagsþjónustunni er hækkun í krónutölu þess málaflokks 382 m.kr. á milli ára en 156 m.kr. á milli ára í félagsþjónustu, þrátt fyrir ólíka hlutfallslega þróun. Hlutfallsleg breyting í öðrum málaflokkum er nær engin á milli ára, alls staðar um eða undir 0,1 prósentustigum ef frá er talinn sameiginlegur kostnaður þar sem hlutfallsleg breyting á milli ára er 0,6 prósentustig og lífeyrisskuldbindingar sem hækka um 1,2 prósentustig á milli ára.

Afar ánægjulegt er að sjá góða rekstrarniðurstöðu A-hluta sveitarsjóðs á árinu 2025 en um er að ræða bestu útkomu frá árinu 2012 og raunar í sögu sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði. Slær það meti fyrra árs við. Einnig er gleðilegt að sjá jákvæða rekstrarniðurstöðu eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar. Þá má geta þess að rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta hefur aldrei verið betri í sögu sameinaðs sveitarfélags.

Sem kunnugt er var sveitarfélögum landsins tímabundið veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga út árið 2025 vegna kórónaveirufaraldursins. Frá og með síðustu áramótum er þessi undanþága því fallin úr gildi. Því er afar nauðsynlegt að gæta að góðu jafnvægi í rekstri A-hlutans, líkt og þið hafið gert í ykkar áætlunum og rekstri. Setning fjárhagslegra mælikvarða er mikilvægt stjórnæki fyrir kjörna fulltrúa hvað það varðar. Með þessu er unnt að skapa áfram tækifæri til nauðsynlegra fjárfestinga í innviðum og viðhaldi, án þess að skuldsetning sé aukin.



Tafla 3

Aðalsjóður	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%	2021	%	2022	%	2023	%	2024	%	2025	%
Skatttekjur	2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758		3.969		4.381		4.581		4.987		5.705		6.467		7.160		7.746	
Félagsþjónusta	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%	742	18,7%	873	19,9%	963	21,0%	1.029	20,6%	1.125	19,7%	1.334	20,6%	1.546	21,6%	1.702	22,0%
Heilbrigðismál	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%	8	0,2%	9	0,2%	9	0,2%	10	0,2%	10	0,2%	10	0,2%	11	0,2%	11	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%	1.865	47,0%	1.951	44,5%	2.114	46,1%	2.415	48,4%	2.630	46,1%	3.002	46,4%	3.242	45,3%	3.624	46,8%
Menningarmál	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%	155	3,9%	171	3,9%	214	4,7%	209	4,2%	191	3,3%	184	2,8%	199	2,8%	212	2,7%
Æskulýðs- og íþróttamál	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%	366	9,2%	422	9,6%	501	10,9%	536	10,7%	585	10,3%	661	10,2%	705	9,8%	766	9,9%
Brunamál og almannavarnir	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%	71	1,8%	82	1,9%	75	1,6%	88	1,8%	103	1,8%	111	1,7%	107	1,5%	118	1,5%
Hreinlætismál	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%	47	1,2%	53	1,2%	61	1,3%	68	1,4%	61	1,1%	11	0,2%	8	0,1%	15	0,2%
Skiþulags- og byggingarmál	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%	61	1,5%	60	1,4%	88	1,9%	63	1,3%	109	1,9%	100	1,5%	114	1,6%	84	1,1%
Umferðar- og samgöngumál	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%	93	2,3%	132	3,0%	154	3,4%	159	3,2%	181	3,2%	180	2,8%	248	3,5%	181	2,3%
Umhverfismál	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%	83	2,1%	85	1,9%	99	2,2%	137	2,7%	120	2,1%	122	1,9%	125	1,7%	142	1,8%
Atvinnumál	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%	60	1,5%	77	1,8%	89	1,9%	87	1,7%	109	1,9%	109	1,7%	122	1,7%	96	1,2%
Sameiginlegur kostnaður	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%	263	6,6%	284	6,5%	267	5,8%	329	6,6%	350	6,1%	357	5,5%	372	5,2%	452	5,8%
Lífeyrisskuldbinding	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%	68	1,7%	108	2,5%	101	2,2%	419	8,4%	152	2,7%	318	4,9%	147	2,1%	254	3,3%
Fjármunatekjur -(gjöld)	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%	55	1,4%	44	1,0%	30	0,6%	41	0,8%	59	1,0%	83	1,3%	67	0,9%	46	0,6%
Aðalsjóður samtals	-139		-17		-183		-257		-48		-126		142		118		-126		-519		36		73		281		136	
Eignasjóður og þjónst	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%	-50	-1,3%	-3	-0,1%	34	0,7%	68	1,4%	-246	-4,3%	-201	-3,1%	-65	-0,9%	86	1,1%
Þjónustustöð	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	-47	-1,7%																				
A-hluti - samtals	-79		11		-47		-176		43		1		92		115		-92		-451		-211		-128		215		222	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður sést glögglega að flestir málaflokkar hafa staðist fjárhagsáætlun nokkuð vel. Hjá Aðalsjóði má þannig sjá að stærstu málaflokkarnir, fræðslu- og uppeldismál og félagsþjónusta, eru með fremur lítil frávík, bæði hvað fjárhæðir og hlutföll varðar. Fræðslu- og uppeldismál eru nánast á pari eða 0,1% undir áætlun á meðan félagsþjónusta fer 0,6% fram úr áætlun. Alls fimm málaflokkar fara fram úr áætlun og er þar um litlar fjárhæðir að ræða nema í tilfelli lífeyrisskuldbindinga en þar er hækkunin 144 m.kr. umfram áætlun.

Skatttekjur aðalsjóðs voru nokkuð umfram áætlun með viðaukum eða sem nemur 31 m.kr. Aðrir málaflokkar aðalsjóðs eru undir áætlun og nokkrir allverulega undir henni. Má þar nefna skipulags- og byggingarmál, atvinnumál og brunamál og almannavarnir. Afkoma eignasjóðs er betri en áætlun sagði til um en þar munar um lægri fjármagnsgjöld og minni afskriftir.

B-hluta stofnanir voru nær allar reknar með jákvæðum afgangi og heildarafkoman jákvæð um 366 m.kr. Munar þar mestu um hafnarsjóð sem var rekinn með metafgangi, vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu, félagslegar íbúðir og samstarfsverkefni B-hluta. Eingöngu er halli á rekstri sjóveitu og Eyvindastaðaheiðar ehf. Mestu frávikin frá áætlun eru í rekstri hitaveitu, hafnarsjóðs, félagslegra íbúða, Flokku ehf. og samstarfsverkefna B-hluta.

Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla (Tafla 4) heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávík einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.



Tafla 4

Samanburður	Áætlun 2025 með			
	Ársreikningur	viðaukum	Mismunur	%
Aðalsjóður				
Skatttekjur	7.746	7.715	31	0,4%
Félagsþjónusta	1.702	1.692	-10	0,6%
Heilbrigðismál	11	12	1	-8,3%
Fræðslu-og uppeldismál	3.624	3.629	5	-0,1%
Menningarmál	212	206	-6	2,9%
Æskulýðs-og íþróttamál	765	758	-7	0,9%
Brunamál og almannavarnir	118	127	9	-7,1%
Hreinlætismál	15	13	-2	15,4%
Skipulags-og byggingarmál	84	112	28	-25,0%
Umferðar-og öryggismál	181	199	18	-9,0%
Umhverfismál	142	147	5	-3,4%
Atvinnumál	96	112	16	-14,3%
Sameiginlegur kostnaður	452	452	0	0,0%
Lífeyrisskuldbinding	254	110	-144	130,9%
Fjármunatekjur -(gjöld)	46	64	18	-28,1%
Aðalsjóður samtals	136	211	-75	
A-hluta stofnanir				
Eignasjóður	86	29	57	196,6%
A-hluti - sveitarsjóður samtals	222	240	-18	-7,5%
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	82	73	9	12,3%
Vatnsveita	40	37	3	8,1%
Sjóveita	-3	-3	0	0,0%
Hitaveita	17	26	-9	-34,6%
Fráveita	102	98	4	4,1%
Félagslegar íbúðir	65	85	-20	-23,5%
Tímatákn ehf	2	1	1	100,0%
Flokka ehf	10	13	-3	-23,1%
Eyvindarstaðaheiði ehf	-2	-2	0	0,0%
Samstarfsverkefni B-hluta	52	63	-11	-17,5%
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0,0%
B-hluta stofnanir samtals	366	390	-24	-6,2%
A og B-hluti samtals	588	630	-42	-6,7%


Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall og skuldaviðmið

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“.

Einnig segir í 64. gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga, skuldauppgjör við Brú lífeyrisjóð, auk veltufjármuna sem er ákvæði sem tók gildi árið 2018 (458/2018). Hjá Skagafirði er skuldaviðmið 81% á árinu 2025 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum og veltufjármuni eins og heimilað er. Lækkar það um 5 prósentustig á milli ára. Séu þessi þættir ekki dregnir frá er skuldahlutfallið 105% hjá samstæðunni og er þar um 3 prósentustiga lækkun að ræða á milli ára.





Samantekt

Ársreikningur ársins 2025 fyrir Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Heilt yfir er rekstur sveitarfélagsins í ágætu jafnvægi en þrír þættir hafa mikið um endanlega afkomu að segja – þættir sem erfitt er fyrir kjörna fulltrúa eða starfsmenn að eiga við, a.m.k. hvað þá tvo fyrst töldu varðar. Er þar um að ræða hækkun á lífeyrisskuldbindingum, rekstur málaflokks fatlaðs fólks og annara verkefna sem sveitarfélagið sinnir fyrir ríkið, og hækkun á fjármagnskostnaði vegna mikillar verðbólgu. Allt hefur þetta mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga landsins.

Gleðilegt er að sjá að íbúum sveitarfélagsins heldur áfram að fjölga eða um 45 manns á milli ára sé miðað við tölur Hagstofu Íslands og 161 ef miðað er nokkurn veginn við kjörtímabilið í heild sinni, frá 1. janúar 2022 til 1. janúar 2026. Íbúatölur Þjóðskrár eru svo enn hærri.

Að lokum vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í almennum rekstri sveitarfélagsins og veitingu þjónustu við krefjandi aðstæður og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 22. apríl 2026

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri